

STEFNA GEGN SPILLINGU OG MÚTUM

Spillingar- og mútumál

Ísfélag hf. („Ísfélagið“) hafnar hvers kyns spillingu og mútum. Félagið og starfsmenn þess leggja sig fram um að fylgja gildandi lögum, reglum og viðmiðum um viðskiptasiðferði og stjórnarhætti á hverjum tíma, forðast hagsmunaárekstra og gæta trúnaðar. Hæfilegar og viðeigandi gjafir og skemmtanir eru heimilaðar.

Fylgni við lög og reglur

Ísfélagið skuldbindur sig til að fylgja ávallt gildandi lögum og reglum, sem um starfsemina gilda, ásamt því að fylgja almennum viðmiðum um siðferði í viðskiptum, leiðbeiningum um viðurkennda stjórnarhætti og eigin reglum félagsins.

Hagsmunaárekstrar

Starfsmönnum ber að forðast að taka ákvarðanir sem skapa hagsmunaárekstra og hafa í heiðri þá reglu að hagsmunir starfsmanna og Ísfélagsins fari saman.

Trúnaður

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu og ber að gæta fyllsta trúnaðar um allt sem þeir verða áskynja í störfum sínum og snertir viðskiptavini og starfsemi félagsins. Þagnarskylda helst þrátt fyrir starfslok. Starfsmönnum er óheimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar í ábataskyni, bæði fyrir þá sjálfa og aðra.

Gjafir og skemmtanir

Félagið heimilar að boðnar séu og þegnar hæfilegar og viðeigandi gjafir og skemmtanir í tengslum við eðlileg og lögmæt viðskipti. Óheimilt er að gefa eða þiggja handbært fé. Viðskiptatengdar ákvarðanir mega undir engum kringumstæðum byggja á gjöfum og þær mega ekki leiða til hagsmunaárekstra.

Vernd persónuupplýsinga

Ísfélagið virðir þann grundvallarrétt sem felst í vernd persónuupplýsinga einstaklinga og mun fylgja eðlilegum viðmiðum á þessu sviði. Ísfélagið er með sérstaka persónuverndarstefnu um hvernig unnið er með persónuupplýsingar innan félagsins.

Birgjar og undirverktakar

Ísfélagið ætlast til þess að birgjar og undirverktakar aðhyllist sömu viðmið og Ísfélagið.

Peningaþvottur

Peningaþvætti er ferli þar sem aðili felur eða dulbýr tilvist ólöglegra tekna þannig að þær líta út fyrir að vera löglegar. Starfsmönnum er skylt að hafa samband við næsta yfirmann ef þeir verða varir við kringumstæður sem leiða til gruns um að færsla gæti falið í sér greiðslu eða móttöku hagnaðar sem tengist ólöglegri starfsemi.

Persónuleg ábyrgð.

Það er persónuleg ábyrgð allra starfsmanna fyrirtækisins að haga sér í samræmi við þá lagalegu staðla og þær takmarkanir sem eiga við um starfsskyldur þeirra, eins og við á, og viðeigandi lög og reglugerðir.

Tilkynningar um brot á reglum

Ef starfsmenn vilja tilkynna grun um brot á siðareglum þessum eða hafi þeir ástæðu til að ætla að almennt sé ekki farið að lögum og reglum þá ber þeim að ræða við næsta yfirmann. Félagið mun ekki líða hefndaraðgerðir í garð einstaklinga sem í góðri trú tilkynna um raunveruleg brot eða grun um brot.

Þannig samþykkt af stjórn Ísfélags hf.